

# Reglur Borgarbyggðar

*um samstarfssamninga vegna hátíða í sveitarfélaginu*

## 1. gr.

### Markmið og tilgangur

Tilgangur þessara samstarfssamninga er að tryggja rekstur hátíða í Borgarbyggð en í menningarstefnu Borgarbyggðar (endurskoðuð árið 2020) er tilgreint að viðburðir skuli vera fjölbreyttir og miðist við þarfir allra hópa. Ennfremur er tilgreint að sveitarfélagið skuli gera samstarfssamning við viðburðarhaldara stærstu viðburða í sveitarfélaginu og gera ráð fyrir styrktarupphæð í fjárhagsáætlun ár hvert.

Meginmarkmið samningsins er að tryggja menningararfleið viðburða í Borgarbyggð ásamt því að efla jákvæða ímynd Borgarbyggðar sem ferðmannastaðar bæði á Íslandi sem og á erlendra grundu.

## 2. gr.

### Hlutverk

Atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefnd ákveður hvaða viðburðir fá samstarfssamning ár hvert og ákveður einnig fjárhæð styrkveitinga hverju sinni.

## 3. gr.

### Skil umsókna

Umsóknum skal skilað rafrænt á vefsíðu sveitarfélagsins, í þjónustugáttinni á þar til gerðu eyðublaði. Með umsókn skal fylgja kostnaðaráætlun og verkáætlun þar sem fram kemur umfang og tími verkefnis.

Umsókn sem skilað er án upplýsinga og fylgiskjala sem fram koma í 1. mgr. telst ófullnægjandi og er ekki tekin til afgreiðslu á fundi atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar.

## 4. gr.

### Afgreiðsla erinda

Umsóknir eru teknar fyrir á fundi atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar í janúar ár hvert. Einungis er gerður samstarfssamningur til eins árs.

Helstu upplýsingar í umsóknum og niðurstöður styrkveitinga eru gerðar opinberar í fundargerð nefndarinnar eftir afgreiðslu erinda.

Atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefnd áskilur sér rétt til að hafna umsóknum. Samkvæmt 21. gr. stjórnisýslulaga þarf ekki að rökstyðja ákvörðun um úthlutun styrkja á sviði lista og menningar

Sé umsóknin samþykkt verður í framhaldinu gerður samstarfssamningur við viðburðahaldara þar sem tilgreint er nánar hverjar skyldur viðburðahaldara og sveitarfélagsins eru ásamt öðrum helstu atriðum.

## **5. gr.**

### **Umsækjendur**

Umsækjendur geta verið einstaklingar og óhagnaðardrifin félagasamtök með lögheimili í Borgarbyggð. Hafi umsækjandi áður fengið styrk skv. reglum þessum skal hann upplýsa um árangur og framkvæmd þess verkefnis.

Við auglýsingu á viðburði/verkefni skal styrkþegi láta styrkveitingu Borgarbyggðar koma fram.

## **6. gr.**

### **Forsendur til styrkveitinga**

- Ekki er veittur styrkur fyrir viðburði og verkefni sem hafa átt sér stað, heldur er um að ræða viðburðir sem munu eiga sér stað á almanaksárinu.
- Einungis er styrkt til viðburða sem fara fram í Borgarbyggð.
- Viðburðurinn þarf að hafa farið fram í það minnsta tvö ár.
- Viðburðurinn þarf að auðga menningarlíf Borgarbyggðar. Við ákvörðun um úthlutun er horft til þess hvaða menningarlega arfleið verður eftir í sveitarfélaginu.

## **7. gr.**

### **Útborgun styrkja**

Styrkir eru greiddir út í einu lagi inn á þann bankareikning sem kemur fram í umsókn að loknu afgreiðslu málsins á atvinnu-, markaðs- og menningarmálafundi.

## 8. gr.

### Endurgreiðslukrafa

Hafi styrkur verið greiddur til viðburðahalds en af framkvæmd þess hafi síðan ekki orðið samkvæmt þeim upplýsingum sem nefndin aflar, ber styrkþega að endurgreiða hann.

## 9. gr.

### Gildistími

Reglur þessar gilda frá og með 1. janúar 2022.

*Samþykkt á 221. fundi Sveitarstjórnar Borgarbyggðar 9. desember 2021*

*Samþykkt á 30. fundi atvinnu-, markaðs- og menningarmálanefndar 7. desember 2021*